Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf til og málefni bæjarstjórnar 1903-1908

Aðfnr. 2227, örk 15

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

151/11

Vjer undirritaðir, sem kjörnir höfum verið í Kaupmannaráð þessa bæjar, leyfum oss hjermeð að frambera þá ósk vora og beiðni til hinnar háttvirtu bæjarstjórnar að hún vildi veita fje nokkurt til endurbótar á höfninni hjer.

Það er samhuga álit vort að það hljóti að vera eitt af áhugamálum hinnar háttvirtu bæjarstjórnar eins og líka borgara bæjarins, að höfnin verði bætt sem allra fyrst og álítum vjer óþarft að eyða orðum að því hve nauðsynlegt þetta verk sje.

Vjer viljum á hinn bóginn benda á það að þó ekki sjeu fyrir hendi efni til þess að kosta neinu stórvægilegu til endurbótar hafnarinnar þá mundi þó þegar vera mögulegt að leggja nokkurt fje fram úr hafnarsjóði. Fje sem ekki væri kastað út að óþörfu eða til „experimenta“.

Hyggjum vjer að heppilegast væri að fá mann með góðri þekkingu á hafnarstæðum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þaðan sem líkt stendur á sem hjer t. d. norðarlega á Skotlandi eða í Noregi.

Kostnaðurinn við það mundi, að okkar hyggju, ekki yfirstíga 4000 krónur, og getum vjer ekki hugsað oss að hin háttvirta bæjarstjórn láti sjer þennan kostnað í augum vaxa.

Virðingarfyllst

Reykjavík 14. nóv. 1905.

Ásgeir Sigurðsson
Gunnar Einarsson
G. Olsen
Jón Ólafsson
Bm. S. Þórarinsson

Til
Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

## úr hafnarnefndarbók Reykjavíkur.

— u —

Ár 1906, þ. 28. september átti hafnarnefndin fund með sjer.

Fram var lagt brjef frá hlutafjelaginu „Völundur“ dags. 10. þ. m. til bæjarstjórnarinnar, þar sem fjelagið fer þess á leit, að því verði leyft að gjöra bryggju fram af svokallaðri Klöpp framundan lóð fjelagsins, og að bæjarstjórnin skuldbindi bæinn til að kaupa þetta mannvirki fyrir þá upphæð sem það kostar í upphafi, ef síðarmeir þyrfti að taka það til almennra afnota. Erindi þetta er fengið hafnarnefndinni til umsagnar.

Hafnarnefndin leggur til að beiðendunum verði leyft að gjörð bryggju eins og þá er þeir hafa fyrirhugað á uppdrætti, er beiðninni fylgir, en að leyfið sje veitt með því skilyrði, að bæjarstjórninni sje heimilt að leggja gjald til hafnarsjóðs á notendur bryggjunnar aðra en beiðendur sjálfa.

Nefndin vill einnig áskilja bæjarstjórninni heimild til að taka bryggjuna til almennra afnota, hvenær sem henni þykir þurfa, en þá skal beiðendum goldið andvirði hennar eptir óvilhallra manna mati, þó svo að verði bryggjan tekin til almennings nota á næstu 5 árum verði ekki greitt meir en 80% af upphaflegu verði hennar á næstu 5 árum þar á eptir ekki meir en 50% á næstu 5 árum þar eptir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki meira en 30%, og að 15 árum liðnum ekki meir en 20%. Upphafsverð byggingarinnar skal ákveðið með úttekt og mati óvilhallra manna og sjeu beiðendur skyldir að láta þeim í tje til afnota alla reikninga yfir byggingarkostnaðinn.

Fleira kom ekki fyrir.

Fundi slitið.

Halldór Daníelsson

Ásgeir Sigurðsson

Tryggvi Gunnarsson.

Rjetta útskrift staðfestir.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/9

# Hlutafjelagið „Völundur."

Klapparlóð: — Vonarstræti:

Talsími Nr. 57. Talsími Nr. 146.

Skrifstofa -- Trjesmíðaverkstofa. Timburbirgðir.

Reykjavík 10 September 1906

Háttvirta bæjarstjórn

Reykjavíkur

Þar sem nú virðast vera miklar líkur til að hin væntanlega „Höfn" fyrir Reykjavík verði á sínum tíma gjörð fram undan miðbænum, og því alls ekki geta komið hlutafjelaginu Völundi að notum til uppskipunar á timbri etc. þá leyfi jeg mjer hjer með virðingarfyllst — fyrir hönd þessa fjelags — að fara þess á leit við hina háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur að hún vildi leyfa nefndu hlutafjelagi að gjöra bryggju, sem líkasta meðfylgjandi uppdrætti framaf og á hinni svokölluðu „Klöpp" fram undan verzlunarlóð nefnds fjelags hjer í bænum.

Þar sem það einnig er ætlun „Völundar" að byggja þessa bryggju sem vandaðasta í alla staði, þannig að hún geti orðið varanlegt mannvirki, leyfum vjer oss einnig að æskja upplýsinga hinnar háttvirtu bæjarstjórnar um það, að ef bærinn

„Völundur"
er Íslands langstærsta og bezta viðarverzlun; hefir ætíð miklar birgðir af alls konar við til húsabygginga.

Heilir farmar eru seldir með framúrskarandi góðum kjörum.

Uppdrættir af húsum og kostnaðaráætlanir eru gjörðar og hús seld altilbúin þeim er þess óska.

Verksmiðjan leysir af hendi allt er að trjesmíði lýtur betur unnið og fljótar, en menn hafa áður átt að venjast.

Altaf fyrir hendi birgðir af alls konar listum, geriktum, gluggum, hurðum o. fl.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

siðar meir- þyrfti að taka þjer mannvirki til almennra afnota, að hlutafjelagið „Völundur“ fengi þá endurgoldinn af bæjarsjóði hinn upphaflega kostnað við þjer bryggjugjörð.

Væntandi hins heiðraða svars bæjarstjórnarinnar hið allra bráðasta, sem og að hinn umræddi uppdráttur verði endursendur.

Virðingarfyllst
pr. hlutafjelagið „Völundur“

Magnús Blöndahl

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með vil jeg bjóða Hafnarnefnd og Bæjarstjórn Reykjavíkur, að hækka þann part bæjarbryggjunnar, sem jeg er nú að byggja 1 al. um miðjuna og máske ½ al fremst. Flestir menn sem koma að bryggjunni fárast um það, að hún skuli hvorki hækkuð nje lengd, og get jeg ekki borið í móti því, að þeir hafi nokkuð til síns máls. —

Verð eða borgun má vera sama hlutfallslega fyrir hverja Cub. alin, eins og samið er um fyrir hverja Cub. al. í breikkun bryggjunnar, að viðbættu því, sem grjóthleðsla kostar að vestan

Ennfremur býðst jeg til að kaupa nú í utanför minni — járnteina í sporveg á bryggjuna, 2 sporvagna og 1 Krana hreifanlegann, til að taka vörur upp úr uppskipunar bátum. —

Bærinn sparar mörg hundruð krónur, ef járnteinarnir eru lagðir nú um leið og "dekkið" er lagt á bryggjuna, heldur en að rífa það upp að fám árum liðnum til þess, að setja þá járnteina í sporveg á bryggjuna. —

Með mikilli virðingu

Reykjavík 4 Júlí 1906.

Tryggvi Gunnarsson

Til

Bæjarstjórnar Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég undirritaður Tryggvi Gunnarsson, bankastjóri í Reykjavík tekst hérmeð á hendur að gjöra skolpræsi (klóak) ~~klóak~~ frá Hafnarstræti ofan í sjó eptir bryggjunni, sem ég er nú að láta gjöra.

Ræsið skal gjört samkvæmt uppdrætti þeim, sem mér hefur verið látinn í té og ber mér sérstaklega að sjá um, að botn ræsisins verði í réttri tiltekinni hæð og að hvergi séu lautir eða mishæðir í honum. Hliðar og botn ræsisins skal gjöra úr steinsteypu (1:4:7), en að ofan má ég loka því með grásteini eða steyptum steini. Innan skal slétta ræsið með steinlími og sérstaklega mega ekki vera neinar misjöfnur í botninum og þeim parti ræsisins, sem takmarkast af bogalínu. Ef ég kýs það heldur, skal mér heimilt að gjöra ræsið úr 18 þuml. víðum leirpípum, sem verða festar saman með steinlími.

Við enda ræsisins í Hafnarstræti og bryggjunni skal ég gjöra brunna eptir nánari fyrirsögn verkfræðings bæjarins. Skulu þeir vera að innanmáli 1½ alin við botninn, en 22¼ þuml. efst. Loka skal brunnunum þessum með járnlokum, er bæjarstjórnin leggur til, en mér ber að koma þeim fyrir. Svo ber mér og að koma fyrir járnrist í mynni ræsisins í bryggjunni, en bæjarstjórn leggur hana til.

Að undanskildum nefndum lokum og rist legg ég ~~til~~ allt efni og alla vinnu til þessa verks og skal hafa lokið því fyrir lok næstkomandi septembermánaðar, og greiðir bæjarstjórn Reykjavíkur mér þá umsamda borgun fyrir verkið kr. 1500 – fimmtán hundruð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

krónur, enda telji verkfræðingur bæjarins verkið vel af hendi leyst.

Reykjavík 9. júlí 1906

Fr. Gunnarsson

Samþykkist fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur.

Formaður bæjarstjórnar Reykjavíkur, 9. júlí 1906

Jón Magnússon
settur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bólverk

1:24.




1:24




29. des. 1905

Jón Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Áætlun

um kostnað við að byggja bólverk austan við bæjarbryggjuna og hellulegggja plássið fyrir ofan það.

Sbr. meðfylgjandi teikningu.

Bólverkið er að lengd frá fyrirhuguðum austurkanti bryggjunnar að bólverki H. Th. A. Thomsens 57 fet, en frá austurkanti hinnar núverandi bryggju 75 fet.
Gerð bólverksins sjest af teikningunni. Ofan á 2ja feta þykt lag af grjóti (ballestargrjóti) er lagt 12" þykt lag af klofnu og höggnu grjóti með fláa 1:1. Þetta lag skal ná svo djúpt niður í fjörumölina, að ekki sje hætt við að sjórinn skoli undan því.
Ofan á grjótið komi steypt brík, 18" þykk, og ofan á hana steypt garðlag 12" hátt og 12" breitt, með lóðrjettri eða nær lóðrjettri framhlið.
Grjótlagið framan á bólverkinu þarf ekki að leggja í steinlím.
Plássið fyrir ofan þetta bólverk verður að breidd frá norðri til suðurs að Bankaþakhúsinu 58½ fet, mælt fram á brún á bólverkinu.
Er gjört ráð fyrir að það sje hellulagt með 6 þuml. þykkum steyptum hellum með slitlagi (pússlagi) ofan á. Undir þessar hellur skal bera 9 þuml. þykt lag af hreinni möl.
Flatarmál það sem hellurnar þekja verður 57×57 □ fet.

Verði bryggjan breikkuð, gjöri jeg ekki ráð fyrir að gatan (Pósthússtræti) upp af bryggjunni verði hellulögð með steyptum hellum, því að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar þola ekki svo mikla umferð af þungum vögnum, sem búast má við þar. Flákinn, sem nú er norðan á hinu umrædda bólverksplássi, er að minsta kosti að nokkru leyti þakinn með grásteinshellum, og væri sjálfsagt að sú steinlegging væri rifin upp áður en verkið er látið í akkorð, og það grjót notað til að hellaleggja Pósthússtræti upp frá bryggjunni ef svo sýnist. Treysti jeg mjer ekki til að gjöra ábyggilega áætlun um það verk eins og fjaran er nú (full af þara), og sýnist mjer sjálfsagt að það sje unnið í daglaunum.

---

## Áætlun:

1. Bólverk, 57 feta langt.

| | Kr. au. |
|---|---|
| Ballestargrjót, 7 teningsfaðmar á 14.00 | 98.00 |
| Að koma því fyrir, grafa niður og fylla bakvið | 350.00 |
| Klofið og höggvið grjót lagt í lag, 143 □al. á 3.00 | 429.00 |
| Steypa, 228 teningsfet á 1.00 | 228.00 |
| Að pússa 64 □ al. á 1.00 | 64.00 |
| Umsjón og óviss gjöld ca. 10% | 131.00 |
| Samtals = | 1300.00 |

2. Steinlegging, hver □ al.

| | kr. au. |
|---|---|
| Steyptar hellur, 6" þykkar | 2.05 |
| Flutningur á þeim | 0.12 |
| 1 tn. möl | 0.25 |
| Að jafna undir og leggja hellurnar | 0.30 |
| Umsjón og óviss gjöld ca. 6% | 0.18 |
| Samtals pr. □alin = | 2.90 |

Fyrir 57×57 □ fet verður þetta = kr. 2355.53.

Reykjavík, 24. des. 1905

Jón Þorláksson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/1

Kristiania, den 2 januar 1906.

Fra
Havnedirektören
ad. J. No

Til

formanden i byraadet
hr. Haldor Danielsson.
Reykjavik.

Deres brev af 18 f.m. har jeg modtaget og takker for den tillid, De derved har vist mig.

Det skal være mig en fornøielse at yde byraadet den hjælp, jeg kan, men da jeg ikke er vis paa, om jeg har forstaaet udtrykket "havnedok" rigtig, tror jeg det vilde være heldigt om jeg kunde faa - om blot en skisse af - den foreløbige plan tilsendt.

Jeg kunde derved faa anledning til at forberede sagen i vinter.

Hvis byraadet saa ønsker, vilde jeg gjerne personlig komme over til sommeren, og dersom jeg af en eller anden grund skulde blive forhindret fra at reise, kunde jeg sende en af vore ingeniører.

Ærbødigst

Gabriel Smith

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Á fundi „Framfarafjelags Reykjavíkur“ sem haldinn var sunnudaginn 26 þ. m. var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn er þakklátur bæjarstjórninni, „fyrir það er hún á síðasta fundi sínum „samþykkti í hafnarmáli bæjarins, og óskar „þess, að hún haldi því máli áfram sem „fyrst, á líkan hátt, sem þegar að nokkru „leiti hefur ákveðið.

Tillaga þessi var samþykkt með öllum samhljóða atkvæðum, Á fundi voru mættir 45 meðlimir.

~~Gísli Þorbjarnarson~~
~~p. t. ritari~~

Rjettan útdrátt úr fundarbók fjelagsins, vottar

Sighvatur Bjarnason
p. t. fundarstjóri

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/12

Á fundi fjelagsins „Fram", sem haldinn var 23. Nóvember þ.á., var samþykkt svohljóðandi tillaga:

„Fundurinn skorar á bæjarstjórnina, að gjöra „nú þegar ráðstafanir til að fenginn verði „áreiðanlegur hafnaringeniör, helzt frá „Skotlandi eða Noregi, til þess að skoða og „segja álit sitt um og gjöra áætlun um, „hvernig bezt verði komið upp nægilegri „höfn fyrir Reykjavík".

Þetta leyfum við okkur, fyrir hönd fjelagsins „Fram", að tilkynna hinni háttvirtu bæjarstjórn Reykjavíkur.

Reykjavík 6. December 1905.

Ó. J. Davíðsson
p.t. forseti.

Karl Nikulásson
p.t. ritari.

Til
bæjarstjórnar Reykjavíkur.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1875

Eftir tilmælum frá bæjarfógeta H. Danielssonar í Rvík, höfum vjer undirritaðir skoðað teikningu þá af breikkun bæjarbryggjunnar í Rvík, sem hra mannvirkjafræðingur hr. Jón Þorláksson hefur gjört, en þar vjer ekki höfum tíma, eða ástæður til þess nú að gjöra nákvæma áætlan yfir ~~yfir~~ kostnað við ~~byggingu~~ bryggjunnar. viljum vjer geta þess, að hluta fjelagið „Högni" eða einstakir menn úr fjelaginu vilja takast þetta verk á hendur, og útvega efni til þess svo fljótt sem ástæður leyfa t. d. á næsta vetri og vori, áætlun sú er vjer nú höfum lauslega gjört er þannig: að verk þetta með efni og vinnu mun ekki geta orðið undir 13000, Kronum, og ekki fara yfir 16000 krónum hvort sem brúkað verður grjót eingöngu eða grjót og steinsteypa, eins og mannvirkjafræðingurinn hefur gjört ráð fyrir.

Þess skal jafnframt getið að fjelagið eða einstakir menn úr því taka verkið að sjer í daglaunum ef þess verður óskað, en fjelagið útvegar grjót á staðinn fyrir ákveðið verð.

Reykjavík 18. mai 1905

Gísli Þorkelsson Stefán Egilsson

Guðjón Gamalíelsson

Til

Bæjarstjórnarinnar Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptir tilmælum hr. bæarfógjeta H. Danielssonar höfum vjer undirritadir skodad uppdrátt af breikkun á bæarbryggjunni í Rvík. og höfum eptir nákvæmar yfirvegun komist ad þeirri nidurstödu ad hentugast verdi ad byggja vegg bryggunnar samkvæmt uppdrætti herra verkfrædings Jóns Þorlákssonar sjá lísingu hans 1. lid enn med þeirri breiting. ad í stadin fyrir steinkl-ædning og steinsteipu komi til höggvinn velfeldur íslenskur steinn múradur í cement og í stadin fyrir 6" galla (þrep) ad innan komi fleiri þrep sem verda ríimlega 3½", sama breidd á undir-stödu, og sama breidd ad ofan.

Breikkun bryggunnar þannig gjörda mundum vjer taka ad okkur (med efni og verki) fyrir 15.950 kr. – fimtán þúsund níuhundrud og fimmtíu krónur –.

Steiptan og steinklæddan vegg höfum vjer einnig athugad og ~~teiknum~~ álitum vjer ad þad verdi als ekki ódýrara. þar ed áhættan er mikid meiri med ad steipuan skemmist af sjáar öldu medan á verkinu stendur. Einnig álitum vjer ad bitra sje ad byggja bryggjuna úr steini af þeirri ástædu ad

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Verði bryggunni breitt siðar meir er steinninn óskjemdur þar sem stjeipa er ónýt ef þarf að brjóta hana niður, og munum vjer því ekki gjöra tilboð í þannig lagaða bryggu

Reykjavík 13.11 '05
Gísli Þorkelsson Stefán Egilsson

Páll Ólafsson Guðjón Gamalíelsson

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/4

Við undirskrifaðir leyfum oss hér með, að bjóðast til að taka að oss að breikka bæjar-bryggjuna í Rvík samkvæmt uppdrætti og ákvörðun verkfræðing Jóns Þorlákssonar fyrir 15.200 kr. En við áskiljum að bæjarstjórnin útnefni einhvern mann til þess frá hennar hálfu, að hafa eptirlit með ~~verkinu~~ því, að við gjörum verkið vel og trúlega eptir áðurnefndum uppdrætti og fyrirmælum verkfræðings Jóns Þorlákssonar, svo að það sé úr oss ábyrgð jafnskjótt, sem við höfum því að fullu lokið.

Ennfremur óskum við, að fá leyfi til að mega gjöra breyting á timburumbúðum utanum bryggjuna meðan á breikkuninni stendur og oss sýnist það hagkvæmara.

Reykjavík 17 April 1905

Jón Eiríksson steinsmiður

Jóhannes Jónsson
steinsm.

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

22/9

Hjermeð sendi jeg yður herra bæjarfógeti, uppdrátt af Kringlu-mýri og skýrslu um mórannsóknir þær, er jeg tók að mjer að gjöra fyrir bæjarstjórnina.

Af þeim rannsóknum er jeg taldi nauðsynlegar, á jeg eftir að ákveða hitagildi mósins. Vegna áhaldaleysis er ekki hægt að gjöra það hjer heima. Vísast verður hitagildið nokkuð svipað og jeg fann á mósýnishorni úr mýrinni í fyrra, nefnil. 2800 hitaeiningar.

Jeg leyfi mjer að fara fram á, að mjer sjeu nú borgaðar þær 200 krónur er bæjarstjórnin hefur samþykkt að borga mjer fyrir rannsóknirnar, og lofa jeg að senda skýrslu um hitagildi mósins strax er þeim rannsóknum er lokið.

Virðingarfyllst

Reykjavík 21/9 1905

Ásgeir Torfason

Til

bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Skýrsla
## um mórannsóknir í Kringlumýri

**Víðátta og þykt mólagsins:**

Mýrin öll innan girðinga er 148 dagsl. að stærð. Á uppdrættinum er sá partur mýrarinnar, sem jeg tel hafan til mó framleiðslu, málaður með bláum lit, og er liturinn meststerkur eftir þykt mólagsins.

I. Veikastur er liturinn á þeim parti mýrarinnar, þar sem módýptin (mæld frá yfirborði) er 5-10 fet. Þar sem mórinn er minna en 5 fet að þykt meðtöldu borgar sig varla að vinna hann nema hann sje því betri. Meðalmódýpt í þessum kafla er þá 7,5 fet eða þegar grasrót gengur frá (og annar úrgangur verður ekki ef mórinn er ekkert) c 6 fet eða 1 faðmur. Stærð þessa parts er 35 dagsl.

II Þar næst kemur sá partur þar sem módýptin er 10-15 fet. Meðaltal 12½. Að grasrót frádreginni 11 fet eða 1,8 faðmur. Stærð 23 dagsl.

III Inst í mýrinni er stórt svæði, þar sem módýptin er nálega alstaðar 16-17½ fet eða að grasrót frádreginni c 15 fet eða 2,5 faðm. Stærð þessa parts 42 dagsl.

Allt mólandið er því 100 dagsl.

Venjulega er gjört ráð fyrir að úr einum teningsfaðmi af mó eins og hann er í mýrinni fáist frá 0,8 til 2,0 smálestir af þurrum mó (20-25 % af vatni). Jeg gjöri ráð fyrir að úr Kringlumýri fáist 1 smál. úr ten. faðm., en sjálfsagt verður það talsvert meira. Fæst þá af mó:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Úr stykkinu | I | 35 × 900 × 1 × 1 | = 31,500 smál. af þurrum mó |
| — " — | II | 23 × 900 × 1,8 × 1 | = 37,260 — " — |
| — " — | III | 43 × 900 × 2,5 × 1 | = 94 500 — " — |

Alls úr mýrinni 163 260 smál.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## Mógæðin.

Á meðfylgjandi lista eru taldar allar þær móprufur sem jeg tók úr mýrinni. Staðirnir eru merktir á uppdrættinum og eru 100 álnir á milli þeirra

Prufunum er gefin einkunn eptir útliti þeirra þurra (1=ágætur; 2=góður; 3=lakur; 4=lítt nýtur) og auk þess er tilfærðar líkur þeirra. Þar sem „M" stendur í ath.s. þýðir það að prufan er myndud af mosategundum. Er það sjaldgæft hjer á landi og hef jeg því safnað þeim prufum sjer og mun rannsaka þær nánar seinna. Hinum öðrum prufum er hafa fengið eink. 1–3 safna jeg tvær og tek meðaltalsprufu af er jeg ákveð brunagildið á seinna. Jeg vil geta þess að viðrannsókn er jeg gjörði á mó úr Kringlumýri í fyrra, reyndist hitagildi (notagildi) hans nálega 2800 hitaeiningar eða c. 2/5 af notagildi steinkola. Allur mórinn ætti því að jafngilda c 65 þúsund smálestum af kolum og vera c. 1,3 millión króna virði.

## Hagnýting

Mórinn í mýrinni er ekki svo þjettur eða samfeldur að hann sje hentugur til móstungu, en gæti orðið mikið þægilegt og gott eldsneyti ef hann væri eltur. Við tilraunir er jeg gjörði með mó úr Kringlumýri í fyrra kom það í ljós að Sparkaraðferðin (vatelsan) á vel við hann. (Sjá Eimreiðin 1. h. 1905). Með því að skera beztu þúfur mætti fá allgóðan þerrivöll neðan til í mýrinni fyrir c. 1000 smálestir af mó í einu. Utan við mýrina mætti líka fá þerrivöll ef á þyrfti að halda. Með fullri vissu er ekki hægt að segja hvaða aðferð verður hentugust fyr en innlend reynsla er fengin

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

__Hallinn__ er mældur á mjög mörgum stöðum, og hef jeg í uppdrættinum dregið jafnhæðalínur með 5 feta hæðarmun. Núlldepillinn er $A_0+0$. Ef borið er saman hallinn og dýptarmælingarnar sjest að nægur halli er til að ræsa mýrina til botns.

Reykjavík 21/9 1905

Ásgeir Torfason

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Listi
## yfir móprufur úr Kringlumýri.

s = svartur, dm = dökkmórauður, m = mórauður, lm = ljósmórauður.
Í mógæðunum er: 1 = ágætur; 2 = góður; 3 = lakur; 4 = léttasigtur

| Staður prufunnar | Dýpt í fetum | Litur | Mógæði | Ath. s. | |
|---|---|---|---|---|---|
| A0 ÷ 1 | 5 | lm | 4 | 6' möl | |
| –„– + 0 | 2 | lm | 2 | 4' möl | |
| –„– + 1 | 5 | s | 2 | 7' sand | |
| –„– + 2 | | | | 3' sandur | |
| A1 ÷ 1 | 5 | m | 2 | 7' sandur | |
| –„– + 0 | 2 | lm | 4 | | |
| –„– + 0 | 5 | dm | 2 | 8' leir | |
| –„– + 1 | 5 | lm | 3 | | |
| + 1 | 8 | leirbland | | | |
| + 2 | | | | 4' leir | |
| A2 ÷ 1 | 5 | dm | 2 | | |
| –„– ÷ 1 | 8 | leirbland | | | |
| –„– + 0 | 2 | lm | 3 | | |
| –„– + 0 | 5 | dm | 2 | | |
| –„– + 0 | 9 | leirblandið | | 10' leir | |
| –„– + 1 | 5 | lm | 2 | | |
| –„– –„– | 10 | lm | 2 | (mosar) | = M |
| – + 2 | 5 | lm | 3 | leir undir | |
| –„– + 3 | | | | 3' sandur og leir | |
| –„– + 4 | | | | 4' sandur og leir | |
| A3 ÷ 2 | 5 | lm | 3 | 7' botn | |
| –„– ÷ 1 | 5 | lm | 3 | | |
| –„– –„– | 10 | m | 2 | 13' l. og s | |
| –„– + 0 | 2 | lm | 2 | | |
| –„– –„– | 5 | lm | 2 | | |
| –„– –„– | 9 | dm | 2 | | |
| –„– –„– | 13 | leir blandið | | Möl undir | |
| –„– + 1 | 5 | dm | 2 | | |
| –„– –„– | 10 | lm | 3 | | |
| –„– + 2 | 5 | m | 3 | | |

| Staður prufunnar | Dýpt í fetum | Litur | Mógæði | Ath. s. | |
|---|---|---|---|---|---|
| A3 + 2 | 8 | s | 2 | | |
| –„– + 3 | 5 | dm | 2 | 6' botn | |
| –„– + 4 | 5 | lm | 2 | 7' –„– | |
| –„– + 5 | 5 | lm | 3 | 8 –„– | |
| –„– + 6 | 5 | m | 2 | 6' –„– | |
| –„– + 7 | 5 | lm | 2 | 6' –„– | |
| A4 ÷ 2 | 5 | leir kl. | | | |
| –„– ÷ 1 | 5 | lm | 2 | | |
| –„– –„– | 10 | lm | 2 | 12' –„– | |
| –„– + 0 | 2 | lm | 2 | | |
| –„– –„– | 5 | m | 2 | | |
| –„– –„– | 9 | m | 2 | | |
| –„– –„– | 15 | dm | 2 | 17' leir | |
| –„– + 1 | 5 | m | 2 | | |
| –„– –„– | 10 | s | 2 | | |
| –„– + 2 | 5 | lm | 2 | laus | |
| –„– –„– | 10 | dm | 2 | | M |
| –„– –„– | 14 | lm | 2 | | |
| –„– + 3 | 5 | lm | 2 | laus | |
| –„– –„– | 10 | dm | 2 | 12' botn | |
| –„– + 4 | 5 | lm | 3 | | |
| –„– –„– | 9 | dm | 2 | | |
| –„– + 5 | 5 | m | 2 | | |
| –„– –„– | 10 | s | 2 | | |
| –„– + 6 | 5 | lm | 2 | | |
| –„– –„– | 10 | dm | 2 | 12' –„– | |
| –„– + 7 | 5 | lm | 3 | laus | |
| –„– –„– | 10 | lm | 2 | 12' –„– | M |
| A5 ÷ 1 | 5 | m | 2 | | |
| –„– –„– | 10 | dm | 2 | Möl undir | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Staður prófunar | Dýpt í fetum | Litur | Mögadi | Ath. |
|---|---|---|---|---|
| $A_5$ +0 | 3 | lm | 3 | |
| | 5 | m | 2 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 15 | leirblönd | leir | |
| +1 | 5 | lm | 3 | laus |
| | 10 | m | 3 | laus |
| | 15 | m | 2 | |
| +2 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +3 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | sv | 1 | |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +4 | 5 | lm | 3 | laus |
| | 10 | dm | 2 | . |
| | 14,5 | leirblönd | leir | |
| +5 | 5 | lm | 2 | |
| | 10 | dm | 1 | |
| | 15 | dm | 2 | |
| +6 | 5 | lm | 2 | laus |
| | 10 | m | 2 | |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +7 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | lm | 2 | M |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +8 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | lm | 3 | 13' botn |
| x) $A_6$ ÷1 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | lm | 2 | grjót |
| +0 | 5 | lm | 2 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 15 | m | 2 | botn 16' |
| +1 | 5 | lm | 2 | M |
| | 10 | lm | 2 | M |
| | 16 | leir og sandur | | |
| +2 | 5 | lm | 2 | |
| | 10 | m | 2 | |
| x) $A_6$ ÷2 | 5 | m | 3 | |
| | 10 | m | 2 | |

| Staður | Dýpt í fetum | Litur | Mögadi | Ath. |
|---|---|---|---|---|
| $A_6$ +2 | 15 | lm | 2 | M |
| +3 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 15 | leirblönd | | |
| +4 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | lm | 2 | M |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +5 | 5 | dm | 2 | |
| | 10 | lm | 2 | M |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +6 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 15 | blönd. af leir og mórum | | |
| +7 | 5 | lm | 3 | laus |
| | 10 | lm | 2 | M |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +8 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | lm | 2 | M |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +9 | 5 | lm | 3 | 8' botn |
| $A_7$ ÷1 | 5 | dm | 2 | |
| | 9 | m | 3 | |
| $A_7$ +0 | 5 | lm | 2 | |
| | 10 | dm | 1 | 12' möl |
| +1 | 5 | m | 3 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 16 | leirblönd | | |
| +2 | 5 | sv | 1 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 17 | leirbl | | |
| +3 | 5 | dm | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 17,5 | leirbl | | |
| +4 | 5 | lm | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 17,5 | leirbl | | |
| +5 | 5 | m | 2 | |

Sta…

$A_7$

$A_8$

$A_9$

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| Staður | Dýpt í fetum | Litur | Mógæði | Ath. |
|---|---|---|---|---|
| A7 +5 | 10 | m | 2 | |
| | 17 | leirbl | | |
| +6 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 17 | leirbl | | 17 botn |
| +7 | 5 | lm | 3 | laus |
| | 10 | lm | 2 | 17' botn M |
| +8 | 5 | lm | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | 14' botn |
| A8 +0 | 5 | lm | 4 | 9' mokist mór og möl |
| ÷1 | 5 | m | 2 | 6' grjót |
| +1 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 15 | lm | 2 | M |
| +2 | 5 | lm | 4 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 17 | m | 2 | |
| +3 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | sv | 2 | |
| | 18 | leirbl | | |
| +4 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 18 | leirbl | | |
| +5 | 5 | dm | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 17 | dm | 2 | |
| +6 | 5 | dm | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | 17 leir |
| +7 | 5 | dm | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 17 | leirbl | | |
| +8 | 5 | lm | 3 | laus |
| | 10 | dm | 2 | 12' grjót |
| +9 | 5 | lm | 3 | |
| A9 +1 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | leirbl | | |
| +2 | 5 | lm | 2 | |

| Staður | Dýpt í fetum | Litur | Mógæði | Ath. |
|---|---|---|---|---|
| A9 +2 | 10 | m | 2 | |
| | 15 | lm | 2 | |
| +3 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 15 | dm | 1 | |
| +4 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | m | 2 | |
| | 16 | sv | 1 | |
| +5 | 5 | lm | 3 | laus |
| | 10 | dm | 2 | |
| | 17 | lm | 3 | laus |
| +6 | 5 | dm | 2 | |
| | 10 | sv | 1 | |
| | 17 | lm | 2 | M |
| +7 | 5 | lm | 2 | |
| | 10 | dm | 2 | 12' botn |
| +8 | 5 | m | 3 | |
| | 10 | leirbl | | |
| +9 | 5 | m | 3 | 6' fast |
| A10 +2 | 5 | dm | 2 | |
| +3 | 5 | lm | 4 | |
| +4 | 5 | lm | 3 | laus |
| | 10 | sv | 2 | |
| +5 | 5 | sv | 1 | |
| | 10 | sv | 1 | |
| | 15 | leirbl | | |
| +6 | 5 | m | 2 | |
| | 10 | sv | 2 | |
| | 16 | leirbl | | |
| +7 | 5 | lm | 3 | |
| | 10 | dm | 2 | 14' fast |
| +8 | 5 | m | 2 | |
| | 9 | dm | 2 | |
| +9 | 5 | leirbl | | |
| A11 +4 | 5 | | | enginn mór; leir og sandur |
| A11 +5 | 5 | m | 3 | 7' leir |
| +6 | 5 | lm | 3 | 9' botn |
| +7 | 5 | dm | 3 | 7' grjót |
| +8 | 5 | leirbl | | |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Útskrift

úr byggingarnefndarbók Reykjavíkur.

Ár 1906, þ. 17. nóv. átti byggingarnefndin fund með sjer og voru þessi málefni tekin fyrir.

1. Sigurði Eyjólfssyni Hverfisg. 47 synjað um kaup á lóðarræmu milli lóðar hans á Litlu Brekku og Þormóðsstaðavegar með því að sú lóðarræma verður nauðsynl. að nokkru leyti notuð undir veg.
2. Sigurði Ólafssyni og Ólafi Ólafssyni leyft að reisa hús á lóð þeirra við Bakkagötu (Garðbæjarlóð) 11 x 12 al. að stærð með skúr 2¾ x 3 al.
3. Magnúsi Þorsteinssyni leyft sú breyting á samþykktinni á fundi 20. okt. þ. á. að hann færi húsið nokkru innar á lóðinni, með þeim skilyrði að hann leggi stíg frá Bakkagötu á sinn kostnað nægilega breiðan og greiðfæran til að koma slökkvitólum að húsinu.

X 4. Samþykkt að selja Erlendi Guðmundssyni skipstjóra lóð hjerumbil 465 □ al. að stærð fyrir vestan Gíslaholts-lóð og fyrir neðan væntanlega götu þar fyrir 50 au. hverja feralin.

5. Þórði Narfasyni leyft að lengja hús sitt við Nýlendugötu nr. 23. um 6 al. Húsið 9 al. að breidd.
6. Samþykkt að ~~selja~~ leyfa Otta Guðmundssyni skipasmið að setja upp hrákasmíðaskúr á stakkstæði hans-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Hlíðarhúsamýri til smíða- og verkfærageymslu og skal skúrinn tekinn burtu fyrir 1. maí næsta ár.

7. Steingrími Guðmundssyni trjesmið leyft að reisa íbúðarhús 15½ × 12 al. að stærð, með tveimur skúrum 4×4 al. og 3×4 al. í Hlíðarhúsablettinum nr 3 sunnan við væntanlega götu næst fyrir sunnan og samhliða Vesturgötu. Lóðin er 34 × 19 al. að stærð.

8. Pjetri G. Sigurðssyni skipstjóra leyft að reisa íbúðarhús í Hlíðarhúsablettinum nr 3 austan við Stýrimannastíg, 13×12 al að stærð með skúr 3½ × 4 al. Lóð hússins er að stærð 23 × 43½ al.

9. D. Thomsen konsul leyft að stækka 5 glugga á norðurhlið hússins nr 22 í Hafnarstræti (neðsta gólfi) þó svo að samtals breidd glugganna og hurðanna á framhliðinni sje ekki meiri en 2/3 af lengd hússins.

10. Þorsteini Tómassyni járnsmið leyft að setja glugga í geymsluhús hans á lóð hans nr 10 við Lækjargötu og gjöra aðrar smábreytingar á húsinu að innan.

11. Jóel S. Þorleifssyni trjesmið leyft að stækka íbúðarhús hans við Skólavörðustíg 15 þannig að hann reisi viðauka austan á því 12 × 8 3/8 al. að stærð, enn fremur leyft að hækka austurhluta gamla hússins um eitt gólf.

12. Jóhanni Hafliðasyni trjesmið leyft að gjöra skúr 8×3 al. að stærð á lóð hans við Grettisgötu og Vitastíg.

13. Ingvari Guðmundssyni leyft að breikka hús hans

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

við Vitastíg um 6 al. og þá framh. hækka
gamla húsið um 3 al. Húsið er 8 al. á lengd.

14. Guðjóni Gíslasyni Hverfisgötu leyft að hækka skúr við hús hans Hverfisg. 23 um 3½ x 3¼ al.

15. Jóhannesi Pálmasyni trjesmið leyft að reisa hús á lóð í horninu milli Lindargötu og Vatnsstígs sem hann hefir keypt af Sigurði Ámundasyni og er 910 □ al. að stærð. Húsið á að vera 12 x 12 al. að stærð með skúr 3 x 4¼ al.

Allir á fundi nema Guðm. Jakobsson.

Halldór Daníelsson
Kristján Þorgrímsson. Ásgeir Sigurðsson. K. Zimsen.
Tr. Gunnarsson.

Rjetta útskrift staðfestir.
Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Lagt fram á bæjarstjórnarfundi Reykjavíkur 19/8 1905
Halldór Daníelsson

Til tryggingar því, að 20. september þ. á. verði jeg búinn að láta breikka ganginn frá Aðalstræti heim að húsi mínu í Vallarstræti, svo að slökkvitólum verði þeim megin komið að húsinu, samkvæmt skilyrði því, sem leyfi bygginganefndarinnar til að breikka hús mitt er bundið, hef jeg í dag afhent formanni nefndarinnar 1000 - eitt þúsund - krónur og má nefndin verja svo miklu sem þarf af þessari upphæð til að fá heimild til breikkunar á tjeðum gangi, ef jeg eigi fullnægi greindu skilyrði innan tiltekins tíma. -

Reykjavík 19. ágúst 1905. -

Björn Símonarson

Vitundarvottar
Páll Árnason
Björnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr. 3. Lagt fram í lögreglurjetti Reykjavíkur 16/8 1905
Halldór Daníelsson

# Útskrift
## úr byggingarnefndarbók Reykjavíkur.

Ár 1905, 5. ágúst átti byggingarnefndin fund með sjer, og voru tekin fyrir þessi málefni:

. . . . . . . . . .

2. Með því að Björn Símonarson kaupmaður hefur eigi enn fengið breikkaðann ganginn að húsi sínu frá Aðalstræti svo sem áskilið var við útmælinguna 1. þ.m. lagði nefndin fyrir hann að láta hætta við bygginguna þangað til skilyrðinu væri fullnægt. Nefndin tjáði og yfirsmiðnum þessi fyrirmæli. Ennfremur var lagt fyrir Björn Símonarson að taka tafarlaust burtu steintröppur, sem hann hefur sett í óleyfi framan við húsið í Vallarstræti. Þegar Björn hefur fullnægt fyrgreindu skilyrði, og byggingunni verður haldið áfram, var honum leyft að setja pall (balkon) framan á kvistinn neðan við efsta gluggann og gera 2 þakglugga sunnan á húsið. —

Allir á fundi nema Knud Zimsen og Kr. Gunnarsson. —

Fundi slitið
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðmundur Jakobsson, Hannes Hafliðason
Kristján Þorgrímsson

Rjetta útskrift staðfestir
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Nr 2. Lagt fram í lögreglurjetti Reykjavíkur 19/8 1905
Halldór Daníelsson.

# Útskript
úr byggingarnefndarbók Reykjavíkur

Ár 1905, 1. júlí átti byggingarnefndin fund með sjer, og voru tekin fyrir þessi málefni:

1. var Birni Símonarsyni kaupmanni leyft að gjöra kvist norðan á húsi hans við Vallarstræti og lyfta upp vesturenda hússins (hækka kjallarann) um 18 þuml. með því skilyrði, að gangurinn að húsinu frá Aðalstræti yrði að minnsta kosti 3. ál. breiður. —

Allir á fundi, nema Tr. Gunnarsson.
Fundi slitið.
Halldór Daníelsson
K. Zimsen. Kristján Þorgrímsson
Hannes Hafliðason. – Guðmundur Jakobsson

Rjett útskrift staðfestir
Halldór Daníelsson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Tillögur um frumvarp til

samþykktar

um

breyting á 5. gr. í endurskoðaðri samþykkt
um stjórn bæjarmálefna í Reykjavík 1. ágúst 1902.

Í stað 1. málsgr. í ~~4~~ 5. gr. komi:

Skólanefndin skal hafa umsjón með kennslunni í barnaskólanum, og öllu því, sem barnaskólann varðar. Í henni eru dómkirkjupresturinn og 4 menn aðrir, sem bæjarstjórnin kýs, og skulu 2 þeirra að minnsta kosti vera úr flokki bæjarfulltrúa.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Áætlun

## um notkun vegafjárins á árinu 1906.

1. Ofaníburður í götur og vegi bæjarins . . 1800 kr.
2. Tjarnargata: framlenging frá húsi Eiríks Hjaltested, suður fyrir lóð Stefáns Egilssonar, vegarlagning 150 ál. á 6 kr. = 900 kr. (10 ál. breiður vegur) lóðarkaup (af Eir. Hj. 300 □ ál. á 2 kr. og af þorst. Sig. 780 □ ál. = ca 800 kr. = 1400 kr. Girðingarkostnaður 200 kr. — 2500 —
3. Vonarstræti með Templarasundi; vegur og stjett með steinlímdri rennu frá Lækjargötu suður fyrir Iðnaðarmannahús. 110 ál. á 7 kr. = 770 kr., 70 ál. löng renna í Templarasundi með lögun á veginum = 350 kr., lögun á veginum á milli „Iðnó" og Bárahúss (grjótkaup og ofaníburður) 207 ál. á 3 kr. = ca 620 kr., renna meðfram Bárahúsi ca 70 ál. á 3 kr. = 210 kr., lóðarkaup af G. Zoëga 13 × 40 ál. = 520 □ ál á 2 kr = 1040 kr. 185
Verða alls . — — — — — 3000 —
4. Lagaðar götur og rennur kringum Austurvöll rúmlega 400 ál. — — — — 900 —
5. Suðurgata: Lögun á 80 fðm. suður frá lóð Stefáns Egilssonar 5 kr. pr. faðm. — — — — 400 —
6. Vesturgata: áframhald af stjett og rennu — 600 —
7. Sprautuhúsvegur: allt að 200 kr. — 200 —
8. Frakkastígur: umfram vegagjald ca 1 kr. pr faðm (ca 90 faðmar) — — 100 —
9. Nýjagata: umfram vegalagningargjald, ca 2,50 pr faðm (74 faðmar) — 185 —
10. Vitastígur (frá Laugavegi að Njálsgötu [Grettisgötu]) ca (1,50) [3,00] (umfram vegalagningargjald) (70 faðmar) — — 200 —
11. Norðurstígur: laga hann og gera hann hallaminni 215 —

10,000 kr.

Auk þess leggur veganefndin til að bæjarstjórnin taki 10,000 króna lán til að

1. lagfæra og breikka Þingholtsstræti og koma frárœslunni

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þar í gott horf: með lóðar kaupum verður kostnaðurinn ca — 5000 —

2. gera lokræsi eptir neðri helming Bókhlöðustígs allt að — 1000 —

3. breikka og laga Laufásveg frá Bókhlöðustíg suður á mótt við Skálholtskot og leggja stein-límda rennu meðfram veginum niður í tjörn yfir Barnaskólalóðina — 4000 —

telur nefndin þessar umbætur fullt eins nauðsynlegar og þær, er á vegaáætluninni standa, og hefur samið hana með sjerstöku tilliti til þessarar lántöku. —

Ennfremur leggur nefndin til, að eptirfylgjandi vegagerðir sjeu framkvæmdar, eiga lóðareigendur að greiða vegalagningarkostnaðinn með 4.50 pr faðm.

1. Áframhald Bergstaðastrætis ca 30 fðm á 4.50 — 135 kr —
2. Vitastígur — frá Laugavegi að Njálsgötu — 70 faðmar á 4.50 — 315 —
3. Áframhald Frakkastígs (frá Njálsgötu að Skólavörðustíg) 90 fðm. á 4,50 — 405 —
4. Nýjagata (frá Njálsgötu að Skólavörðustíg) 74 faðmar á 4.50 — 333 —

= 1188 —

Reykjavík 18. des. 1905
fyrir hönd veganefndar
Sig. Thoroddsen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

**Milliþinganefndin í landbúnaðarmálinu.**

# Frumvarp til laga

um

**ágang búfjár.**

---

1. gr.

Til búfjár telst nautpeningur, hross, sauðfje, geitfje, svín og alifuglar.

2. gr.

Óheimilt er að reka búfje sitt til beitar nær annars manns landi en 200 faðma, nema hann leyfi, eða búfje sje haft í höptum, eða setið yfir því, eða girðingar, vatnsföll, gil eða aðrar hindranir hamli því, að búfjeð gangi yfir landamerki, eða ef öðruvísi er ákveðið með löggiltri samþykkt.

Eigi má heldur byggja nær landamerkjum annars manns, en nú var sagt: fjárrjettir, sel, beitarhús eða nokkur önnur peningshús, nema það hafi staðið þar áður, eða sá leyfi, er land á að.

3. gr.

Ef búfje granna gengur í tún eða ræktað engi annars manns, eða í hey hans eða sáðreit, er á því svæði stendur, eða girt er gildum garði, skal skal sá er áganginn líður, ef hann vill rjettar síns leita, færa fjeð eiganda heim, og er eiganda fjárins þá skylt, að greiða fullt endurgjald fyrir heimreksturinn, svo og skaðabætur, ef skemmd hefur orðið að í gildri girðingu. Ágangur af búfje sama manns öðru sinni á sama missiri varðar skaðabótum að fullu, eptir mati, en við þriðja brot varðar að auki sektum 5—20 krónum, ef kært er.

4. gr.

Nú gjörir afrjettarfje ágang á heimalönd manna á sumrum, enda er eigi rjettur þeirra, er fyrir ágangi verða, tryggður með löggiltri samþykkt, geta þeir kvatt þann eða þá er afrjett eiga eða afrjettartoll taka þess fjár, er úr af-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

rjetti gengur, til að gjöra vörzlugirðing sem næst mörkum afrjettar. Þeir er garðlags kveðja skulu aldrei minna leggja til girðingar en þriðjung, og svo meira eptir málavöxtum. Til garðlags skal kveðja í heyranda hljóði á manntalsþingum, þar sem þeir eiga lögsókn, er afrjett eiga eða afrjettartoll taka. Garðlagskveðjendur skulu setja trygging, er hlutaðeigandi sveitarstjórn tekur gilda, fyrir því, að þeir geti innt af höndum garðlagskvöðina að sínum hluta.

5. gr.

Þeir er garðlags eru kvaddir, svo sem að framan er mælt, mega kveðja til garðlagsins með sjer þá menn, er upprekstur eiga í afrjett þann, er girt er fyrir, ef þeir eigi eru garðlagskveðjendur. Sýslunefnd tiltekur, hversu garðlagskvöð skiptist á milli garðlagskveðjanda og þeirra, er kvaddir eru, en hlutaðeigandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir jafna kvöðinni niður á búendur þá, er kvöðin hvílir á. Þó geta garðlagskveðjendur jafnað á sig sjálfir sínum hluta garðlagsins, ef þeir koma sjer saman. Sje niðurjöfnun sveitarstjórnar á garðlagskvöð kærð eða henni óhlýðnast, fer að öllu um það mál sem fjallskil. Viðhaldsskylda girðingarinnar hvílir á málsaðilum öllum eptir sömu reglu og garðlagskvöðin.

Nú inna eigi garðlagskveðjendur af höndum sinn hluta girðingar eða viðhaldsins, og er þá garðlagskvaðningin ógild.

6. gr.

Þrír menn segja fyrir um, hversu haga skuli varnargirðingu þeirri, er 4. gr. ræðir um. Nefnir sveitarstjórn þess hrepp, er girðing á að liggja í, tvo mennina, en sýslunefnd einn. Skulu þeir skoða girðingarstæðið áður en garðlag byrjar, ákveða hvenær garðlagi sje lokið, skoða girðinguna þá er lokið er, og meta hvort hún er gild. Þeir skulu og segja fyrir um hlið á girðingunni, hvar og hversu vera skuli.

7. gr.

Nú vilja þeir, er garðlags eru kvaddir, eigi sinna garðlagskvöðinni af sinni hálfu, eða vanrækja hana eða viðhald girðingar, svo að girðing verður ógild, og varðar þá ágangur afrjettarpenings á heimalönd úr hlutaðeigandi afrjetti skaðabótum eptir mati tveggja manna. Sá er skaða bíður samkvæmt þessari grein á aðgang skaðabóta að hreppsnefnd sinnar sveitar, og jafnast skaðabætur niður á þá, sem upprekstur eiga á afrjettinn með fjallskilum næsta haust.

8. gr.

Heimilt er sýslunefnd að gjöra samþykkt fyrir stærri eða minni svæði innan sýslu viðvíkjandi ágangi búfjár: svo sem um skyldur manna til varnar ágangi, um girðingar til vörzlu, tilhögun þeirra, viðhald og meðferð. Þar má og ákveða um skaðabætur fyrir ágang búfjár og um sektir gegn brotum á samþykktinni.

9. gr.

Nú þykir sýslunefnd nauðsyn að gjöra samþykkt samkvæmt 8. gr. eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

allmargir málsaðilar óska þess, og skal hún þá kveðja til fundar á svæði því, er samþykkt á að ná yfir. Sje um að ræða ágang búfjár úr afrjetti, hafa allir búendur í hreppi eða hreppum þeim, er sá afrjettur heyrir til, atkvæðisrjett, svo og þeir menn aðrir, er ágang líða úr þeim afrjetti. En ef samþykktin nær eingöngu til heimalanda, hafa einungis ábúendur þeirra jarða, er samþykkt nær til, atkvæðisrjett. Þó skal leiguliði hafa heimild frá landsdrottni, ef hann er innan hjeraðs, til þess að taka þátt í samþykktinni. Sýslunefnd ákveður fundarstað, en oddviti, eða sá af sýslunefndarmönnum, er nefndin kýs, tiltekur fundardag og stýrir fundinum.

10. gr.

Á samþykktarfundi leggur fundarstjóri fram framvarp til samþykktarinnar, eins og sýslunefnd hefur samþykkt það. Fallist fundurinn á frumvarpið, óbreytt að efni, með $^2/_3$ atkvæða, sendir sýslunefndin það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þó fundurinn gjöri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $^2/_3$ atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En ef sýslunefnd vill ekki fallast á breytingartillögur, er samþykktarfundur gjörir, skal kveðja til nýs fundar. Fallist fundurinn þá á frumvarpið óbreytt með $^2/_3$ atkvæða, fer um það svo sem fyr segir. Að öðrum kosti er frumvarpið fallið. Eigi má fallið samþykktarfrumvarp, eða fallnar breytingartillögur, flytja á ný á sama ári.

11. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að gjöra samþykktir fyrir stærri eða minni svæði innan sveitar um hið sama efni og 8. gr. tiltekur. Er öll meðferð hin sama um þau mál, eins og 9. og 10. gr. skipar fyrir, nema að sveitarstjórn kemur þá hvervetna í stað sýslunefndar.

12. gr.

Nú er gjörð samþykkt, eins og að framan er mælt, og send stjórnarráðinu til staðfestingar, og virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við lög eða grundvallarreglur laga eða rjettindi manna, er samþykktin endursend án staðfestingar, og fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur hvenær hún öðlist gildi. Er hún upp frá því skuldbindandi fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir, nema hún sje löglega úr gildi numin.

13. gr.

Nú vilja menn nema úr gildi löggilta samþykkt um ágang búfjár, og þarf til þess alla sömu aðferð og að koma henni í gildi.

14. gr.

Nú veitir búfje ágang, svo að varðar skaðabótum eður sektum samkvæmt lögum þessum, eða löggiltri samþykkt, eða vottföstum samningi, og er þá þeim, er ágang líður, heimilt við votta, að setja fjenaðinn inn í hús eða girðing; en tilkynna skal hann eiganda búfjárins samdægurs, og svo fljótt, sem því verður viðkomið, um innsetninguna.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15. gr.

Innsetjandi skal bera ábyrgð á, ef innsetningin veldur meiðslum á búfjenu fyrir húsþröng, eða illa meðferð, eða ef hús fellur á það, eða ef það skaðast í girðingu. Sje málnytupeningur settur inn, skal mjalta hann á málum, og tekur sá málnytuna er inn setti. Ef innsetning varir lengur en dægur, skal gefa fjenaðinum fóður svo nægilegt sje, eða beita á haga. Vanræki innsetjandi skyldur þær, er þessi grein tiltekur, eða brúki hesta sem inn eru settir samkvæmt 14. gr., fellur útlausnargjald niður og varðar að auki skaðabótum eptir mati, nema svo sje að þyngri refsingu varði eptir hegningarlögum.

16. gr.

Þá er eigandi vitjar búfjár, er inn er sett á löglegan hátt, skal hann greiða innsetjanda útlausnargjald, er nægi fyrir skaðabótum, og öllum kostnaði við innsetning fjárins, geymslu og fóður, eptir því sem um semur, eða eptir mati. Ef málnytupeningur er inn settur og mjaltaður, dregst verð málnytunnar frá útlausnargjaldi. Nú vill eigandi eigi þegar greiða útlausnargjaldið nje setja tryggingu fyrir greiðslu þess, og getur innsetjandi þá tekið af búfjenu svo sem nægir til lúkningar útlausnargjaldinu, og væntanlegum kostnaði við að koma því í verð.

17. gr.

Nú vitjar eigandi eigi búfjárins á tveggja sólarhringa fresti, og skal þá innsetjandi reka fjeð í land hans, þó eigi í tún nje engi. Getur innsetjandi tekið af fjenaðinum nægilegt fyrir útlausnargjaldinu, samkvæmt 16. gr., og eptir mati tveggja óvilhallra manna, er hann sjálfur til nefnir.

18. gr.

Búfje það, er innsetjandi tekur til lúkningar útlausnargjaldi samkvæmt 16. og 17. gr. skal hann tafarlaust framselja hreppstjóra til uppboðs, og fær hann af verði þess útlausnargjaldið greitt, svo og fyrirhöfn sína. Afgangur andvirðisins, að frádregnum uppboðs- og innheimtulaunum, greiðist til eiganda búfjárins.

19. gr.

Nú tekur eigandi búfje, sem inn hefur verið sett samkvæmt 14. og 15. gr., án heimildar, úr vörzlu innsetjanda, og án þess að greiða útlausnargjaldið. Varðar það — auk útlausnargjaldsins — 20—100 kr. sektum, ef kært er.

20. gr.

Ef búfje er rekið úr landi annars manns, svo til ógreiða sje eða skaða, varður það skaðabótum eptir mati.

21. gr.

Tveir menn skulu meta skaðabætur, sem í lögum þessum eru nefndar, eða í löggiltri samþykkt, sem á þeim er byggð. Nefnir sækjandi annan, en sá

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

er vörn á hinn, nema þegar svo er háttað sem 17. gr. gjörir ráð fyrir. Nú vill verjandi engan til nefna, og nefnir þá sækjandi báða; en ef sækjandi nefnir engan, er sökin niður fallin.

Nú greinir matsmenn á um matið, kjósa þeir þá oddamann; en komi þeir sjer heldur eigi saman um hann, ræður hlutkesti. Matsmenn skulu vinna eið að gjörð sinni ef krafizt er.

22. gr.

Sektir þær, er lög þessi og hinar löggiltu samþykktir ákveða, renna í sjóð sveitar þeirrar, er sá býr í, er fyrir órjetti varð.

23. gr.

Með mál út af brotum á löggiltri samþykkt eptir lögum þessum skal fara sem almenn lögreglumál. Að öðru leyti skal fara með mál, sem rísa kunna af brotum á ákvæðum laga þessara, sem einkalögreglumál.

---

## Athugasemdir.

Þá er nefndin gjörði fyrirspurnir til allra hreppstjóra viðvíkjandi lagaákvæðum um ágang búfjár, vakti það ljóst fyrir henni, að af henni mundu verða heimtaðar einhverjar aðgjörðir í því máli. Fyrirspurnirnar voru þessar:

1. Hefur ákvæðum Jónsbókarlaga um ágang búfjár verið beitt eða fylgt í yðar hreppi, og ef svo er, þá í hverjum atriðum?
2. Æskið þjer og sveitungar yðar eptir heimildarlögum fyrir sveitir og sýslufjelög til að gjöra samþykktir um ágang búfjár?

Flestir hreppstjórar hafa nú sent svör, og er fyrri spurningunni svarað neitandi af öllum. Allur þorri hreppstjóranna svarar síðari spurningunni, fyrir sig og sína sveitunga, ýmist játandi eða með ósk um almenn lagaákvæði, er komi í veg fyrir rjettleysi gagnvart ágangi búfjár. Er í ýmsum athugasemdum meðal annars kvartað um ágang afrjettarfjár.

Til frekari glöggvunar setjum vjer svörin hjer í töfluformi, eins og þau voru til vor komin 12. dag febrúarmánaðar:

| Úr amti | já | ? | nei | ókomin |
|---|---|---|---|---|
| Suðuramt ... ... ... ... ... ... | 37 | 3 | 10 | 5 |
| Vesturamt... ... ... ... ... ... | 38 | 1 | 9 | 9 |
| Norðuramt ... ... ... ... ... ... | 31 | 3 | 6 | 4 |
| Austuramt... ... ... ... ... ... | 15 | 2 | 6 | 9 |
| Alls | 121 | 9 | 31 | 27 |

Sá hugsunarháttur mun vera mjög almennur, og hefur verið hinar síð-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ari aldir, að eigi beri brýn skylda til að varna ágangi síns eigin búfjár á annara lönd, heldur verði hver og einn að verja land sitt. Þeir eru furðu fáir, er hafa svo skýra tilfinning fyrir annara rjetti í þessum efnum, að þeir leggi hömlur á búfje sitt í þeim tilgangi að varna ágangi þess á aðra. Þessu var nokkuð á annan veg varið í fornöld, eptir því sem forn lög vor sýna, sjerstaklega ákvæðin um löggarð á landamerkjum, er leggja jafna garðkvöð á þann, er áganginn sýnir, og þann, er fyrir honum verður.

Fullyrða má að ákvæði Grágásar hafa verið rjettarvenja hjer á landi um alllangt skeið. Rjettlætistilfinning manna hefur því auðsjáanlega hnignað í þessum efnum, eptir því sem aldir liðu og dáðin varð minni til að girða um land sitt. Þessi tilfinning hefur ekki rjett sig við á ný, þótt almennar kvartanir sjeu um áganginn, og þó fátt sje mönnum öllu viðkvæmara, en að rjetti þeirra sje traðkað í hverju efni sem er.

Sökum þessa hefur eigi verið haldið á ákvæðum Jónsbókar um ágang búfjár, eins og mátt hefði, því síður að þau hafi verið lagfærð eptir hæfi nútímans. Þau eru því, eins og svör hreppstjóranna bera með sjer, dauður bókstafur.

Árið 1845 var skipuð nefnd 5 lagamanna, til þess að fjalla um landbúnaðar- og skattamál landsins. Samdi nefnd sú frumvarp til landbúnaðarlaga í 64 greinum, og höfum vjer gjört útdrátt úr frumvarpinu og nefndarálitinu oss til afnota. Þá er og kunnugt um milliþinganefndina í landbúnaðarmálum, sem starfaði á milli 1870 og 1880. Höfum vjer og kynnt oss álitsskjölin bæði frá meiri og minni hluta þeirrar nefndar.

Báðar þessar nefndir hafa tekið ágang búfjár til meðferðar og gjört tillögur um lagaákvæði honum viðvíkjandi. Þær hafa tekið ákvæði Jónsbókar til fyrirmyndar og lagað þau til, svo þau yrðu framkvæmanlegri eptir háttum og högum seinni tíma. Þessar tillögur sýna, hve brýn þörf þessum nefndum þótti á slíkum lagafyrirmælum. En eins og kunnugt er, hefur ekkert af þeim verið tekið í lög.

Við samningu frumvarpsins höfum vjer haft til hliðsjónar lagaákvæði Jónsbókar og tillögur beggja framantaldra nefnda. — Ennfremur höfum vjer haft hliðsjón af norskum lögum um friðun lands og innsetning búfjár, og eru þau bæði nákvæmari og strangari en frumvarp vort.

Vjer höfum í fyrstu grein frumvarpsins ákvarðað merkinguna í orðinu búfje. — Þótti oss það nauðsynlegt til að fyrirbyggja mismunandi skilning á orðinu. Nær orðið *búfje* jafnt yfir þann fjenað, sem gengur á afrjett sem í heimalöndum, og eptir bendingum, sem fram hafa komið í hreppstjóraskýrslunum, höfum vjer talið alifugla þar til, enda er þess þörf í kauptúnum og þorpum vegna garðræktarinnar.

Því næst koma í 2. og 3. gr. almenn fyrirmæli viðvíkjandi ágangi búfjár í heimalöndum. Vildi nefndin eigi fara þar lengra en svo, að einungis sá ágangur varðaði skaðabótum og sektum, sem ræktuð jörð yrði fyrir.

Nefndin treystir sjer eigi til að finna heppileg fyrirmæli gagnvart úthaga eða slægjum, sem liggja hingað og þangað innanum úthaga og optast eru ógirtar. Með ræktuðu engi telur nefndin eigi fjallslægjur, mýrarflóa á heiðum eða aðrar slægjur innan um bithaga.

Engin ákvæði eru heldur um vetrarbeit, nema í fyrra parti annarar greinar, og eru þar ekki lagðar við skaðabætur, þótt brotið sje. Gjöra það

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

misgöngur fjár, þegar eigi er staðið yfir því. Hitt er sjálfgefið, að það getur varðað skaðabótum eptir almennri rjettarvenju, ef heimildarlaust er staðið yfir fje í annara landi, eða fjenaður rekinn þangað, á hvaða tíma árs sem er.

Þá eru næst nokkrar greinar um ágang búfjár úr afrjett (4.—7. gr.). Ákvæði þau koma auðvitað eigi að notum nema þar sem svo hagar til, að eigi er ókleift að girða fyrir afrjett. Er það eigi svo óvíða hjer á landi, að slíkt er kleift, svo að fullkomin vörn sje, nú þegar girðingavírinn fæst með svo góðum kjörum, sem vonandi er að haldist framvegis, og nefndin vill stuðla til með öðru frumvarpi. Ákvæði frumvarpsins eru byggð á Jónsbók (Llb. 54. kap.) og breytt eptir núverandi ástæðum. Hin önnur ákvæði Jónsbókar, um ágang afrjettarfjár, hirðir nefndin eigi að taka upp, því að samskonar ákvæði munu vera í fjallskilareglugjörðum, þar sem þau hafa þótt við eiga.

Nefndinni virðist mjög erfitt að setja heppileg almenn lög gegn ágangi búfjár á ógirt svæði, sem eigi eru varin heimafjenaði. Eigi hefur henni heldur þótt tiltækilegt að setja ákvæði um löggirðingar á heimalöndum. En án gildra girðinga geta lögin eigi heimtað af eiganda fjár, að hann varni búfje sínu *allan* ágang á annara lönd.

Nú er ágangur á úthaga og úthagaslægjur opt og tíðum fullt eins tilfinnanlegur sem ágangur á tún og ræktað engi, því að þar verður þó optar komið vörnum við. Viljum vjer benda á mjög umhugsunarvert dæmi, er einn hreppstjórinn í Skagafjarðarsýslu nefnir í athugasemdum sínum.

Hreppstjórinn segir svo:

»Jeg þekki hjer skammt frá mjer tvo bændur, sem árlega taka hagagönguhross; annar hafði þau um 60 í fyrra í sínu landi, en hinn yfir 80. Einn bær er á milli þeirra, en bóndinn þar tekur engin hagagönguhross, hefur þó talsvert land og er sjálfur hrossafár. Allir mega geta nærri, hve miklum ágangi hann verður fyrir af þessum mikla hrossasæg frá hinum, þegar þau hafa svo uppurið lönd þeirra sjálfra, að á vorin sjest varla stingandi strá, en í flóum sjást aðeins berar kvisthríslur á stangli«.

En þessu lík dæmi koma opt fyrir, þar sem tvíbýli er, eða beitilönd eru óskipt, að annar hefur á landinu mikið meiri fjenað, sem hann á eða tekur af öðrum, heldur en hinn. Þar kemur því fram stórkostlegt misrjetti, er hinn síðarnefndi verður bótalaust að búa undir, eða heyja sama kapphlaup með því að ofsetja eða níða niður landið til stórskaða fyrir það búfje, sem hæfilegt er fyrir ábýli þeirra. Munu allir sjá, hve nauðsynlegt er að lögtryggja rjett einstaklingsins í þessum efnum.

Ágangur afrjettarfjár í heimalönd er og mjög tilfinnanlegur víða, þar sem eigi verður þó kleift að setja varnargirðingu. Kemur það einkum niður á búsmala vg veldur þá bæði málnytuskaða miklum og eykur stórum kostnað við smalamennsku. Þá er og opt misklíð millum sveita og byggðarlaga um notkun afrjetta, og munu ákvæði Jónsbókar (Llb. 51. kap.) um ítölur búfjár í afrjettum eigi hafa orðið að miklum notum á síðari tímum.

Hinar áðurnefndu tvær landbúnaðarnefndir hafa eigi viljað ráða til neinna laganýmæla um þessi atriði.

Vjer álítum því auðsætt, að almenn lagaákvæði geti seint skipað svo fyrir um ágang búfjár, að eigi verði stórar eyður einmitt þar sem vjer nú höfum bent á. Í þessar eyður virðist oss, að sveitir og sýslur gætu fyllt að miklu leyti með samþykktum. Nefndin hefur þessvegna sett í 8.—13. grein frum-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

varpsins heimildar- og regluákvæði, til þess að gjöra sveitar- og sýslusamþykktir. Má þá haga svo til, er bezt á við á hverjum stað.

Nú fara girðingar mjög í vöxt og verða þá væntanlega opt samgirðingar á fleiri jörðum og síðan sambeit á ákveðnum svæðum. Til þess að koma skipulagi á þetta, svo og tilhögun girðinganna og notkun hinna girtu svæða til beitar, þarf að setja fastar reglur, og mætti löggilda þær.

Þá er 14.—21. grein frumvarpsins um innsetning búfjár og um mat skaðabóta. Mjög áríðandi er að hafa rjettarákvæðin svo einföld og ódýr sem unnt er, en þó svo einskorðuð, að eigi sje hætt við vanbrúkun. Jónsbók (Llb. 33. og 34. kap.) hefur ákvæði um innsetning búfjár, þá er ágangur þess varðar skaðabótum. Fyrtaldar landbúnaðarnefndir hafa hallast að því, að halda þeim ákvæðum lítið eitt breyttum. Vjer höfum og eigi sjeð, að öðru væri til að dreifa jafnheppilegu fyrir alla málsaðila, til þess að þeim, er fyrir slíkum ágangi verður, þyki tilvinnandi að reka rjettar síns og ná skaðabótum.

Nefndin álítur að alls eigi megi hrapa að þessu máli, því að hinir breytilegu staðhættir heimta sitt á hverjum staðnum. Undirbúningur til laga þessara þarf því að vera almennur, einkum þegar þess er gætt, að lög um þetta efni hljóta að grípa inn í atvinnu- og eignarrjett allra, sem hafa nokkra spildu af landi til umráða, eða eiga nokkra skepnu, er til búfjár telst. Fá lög geta því verið almennara tilfinningamál en lög þessi. Hitt er víst, að hjer er um nauðsynjamál að ræða, er eigi má öllu lengur vanta hagkvæm lagaákvæði um, sem almenningur vill og getur notað, og vaxandi ræktun landsins með breyttum búnaðarháttum rekur þar mjög á eptir.

Mál þetta var rætt á alþingi 1883, þar sem mikill hluti þingmanna vildi þá láta kaflann úr landbúnaðarfrumvarpinu, snertandi ágang búfjár, verða samferða ábúðarlögunum, sem þó var að lokum fallið frá, einkum fyrir þá sök, að fyrirmæli um ágang ættu eigi heima í lögum, sem eingöngu hljóðuðu um leiguliðaábúðina. Þörfin á slíkum lögum er þó enn meiri nú en fyrir rúmum 20 árum.

Nefndin hefur samið frumvarp þetta í því skyni, að næsta þing hefði það til íhugunar, án þess þó að það kæmi til úrslita, síðan hefðu sveitarstjórnarvöld og almenningur það til athugunar, og gæti málið þá væntanlega orðið útkljáð á alþingi 1907.

Virðist nefndinni því óþarft að láta nákvæmari athugasemdir eða skýringar fylgja frumvarpinu.

Prentsm. Gutenberg.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/2

*Þar eð Reykjavíkurbær er stöðugt að stækka, og þetta hefir í för með sér, að hærri og hærri kröfur verða gerðar með tilliti til lagningar gatna og vega, auk vatnsveitu, klóaka, raflýsingar o. fl., þá hefir það lengi vakað fyrir mér, að brýn nauðsyn væri á því, að bærinn eignaðist fullnægjandi uppdrátt af allri kaupstaðarlóðinni.*

*Eg hefi þess vegna fyrir nokkru afráðið að gera hinni háttvirtu bæjarstjórn tilboð um slíkan uppdrátt.*

*Eg hefi ráðfært mig við hr. cand. polyt. ingeniör Sig. Thoroddsen, og hefir hann látið mig vita, að hann árið 1901 hafi fengið skýrslu um það, að verð á slíku verki (mæling + uppdrátt) væri 7 kr. pr. lóð og þar að auki 1 kr. pr. Td. Land (14,00 □ álnir), og var þá miðað við mælikvarðann* **1:800**. *Þessa vitneskju fékk hr. Thoroddsen bréflega frá þáverandi kennara í landmælingu við polytekniska háskólann í Kaupmannahöfn, hr. dócent Mörup.*

---

*Hér með leyfi eg mér að gera hinni háttvirtu bæjarstjórn tilboð um uppdrátt af því svæði Reykjavíkurkaupstaðar, sem uppdráttur hr. K. Zimsen's nær ekki yfir. Eg býðst til að gera uppdrátt þennan eftir sama mælikvarða, sem er á uppdrætti hr. ingeniörs Zimsen's, þ. e.* **1:500**, *og að leysa af hendi áðurnefnt verk (mæling + uppdrátt) fyrir það verð, sem hér skal greina:*

*7 — sjö — krónur pr. lóð og þar að auki 2 — tvær — krónur pr. Td. Land af svæði því, sem uppdrátturinn nær yfir.*

*Tilboð þetta tekur yfir allan kostnað verksins, þannig, að eg borga sjálfur hjálparmönnum og tek á mig öll önnur útgjöld, sem verkinu viðvíkur. Eg mun jafnvel geta lagt til verkfæri, ef bærinn sér sér ekki fært að eignast þau fyrir eiginn reikning.*

*Borgun greiðist mér jafnóðum og eg afhendi bæjarfógeta hina ýmsu hluta uppdráttarins.*

---

*Að öðru leyti er eg fús á, að semja nákvæmar við nefnd, er bæjarstjórnin kynni að setja, ef svo færi, að bæjarstjórnin vildi heldur það, en að taka framanskráðu boði mínu.*

*Loks skal eg geta þess, að mér telst svo til, að fyr nefnt verk mundi taka yfir hér um bil 650 lóðir, en stærð hins mælda svæðis yrði um 300 Td. Land; mundi uppdrátturinn því kosta hér um bil 5,100 krónur, og er það sannfæring mín, að bærinn mundi aldrei geta fengið viðunanlegra boð.*

*Reykjavík 24. dag febrúarmánaðar 1906.*

*Virðingarfylst*

A. L. Petersen
Ingenieur.

*Til*

*Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Afskrift

Hr. stud. polyt. A. L. Petersen har deltaget i den polytekniske Læreanstalts theoretiske og praktiske Undervisning i Landmaaling og Nivellering og udført de til Eksamen for Bygningsingeniører henhørende Kursusarbejder i nævnte Fag.

Den 3 Maj 1903

P. Thygesen
Docent i Landmaaling i Nivellering
ved den polytekniske Læreanstalt.

Rjett eptirrit staðfestir
Bæjarfógetinn í Reykjavík 24. febrúar 1906.
Halldór Daníelsson.

Til

Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

*Þar eð Reykjavíkurbær er stöðugt að stækka, og þetta hefir í för með sér, að hærri og hærri kröfur verða gerðar með tilliti til lagningar gatna og vega, auk vatnsveitu, klóaka, raflýsingar o. fl., þá hefir það lengi vakað fyrir mér, að brýn nauðsyn væri á því, að bærinn eignaðist fullnægjandi uppdrátt af allri kaupstaðarlóðinni.*

*Eg hefi þess vegna fyrir nokkru afráðið að gera hinni háttvirtu bæjarstjórn tilboð um slíkan uppdrátt.*

*Eg hefi ráðfært mig við hr. cand. polyt. ingeniör Sig. Thoroddsen, og hefir hann látið mig vita, að hann árið 1901 hafi fengið skýrslu um það, að verð á slíku verki (mæling + uppdrátt) væri 7 kr. pr. lóð og þar að auki 1 kr. pr. Td. Land (14,00 □ álnir), og var þá miðað við mælikvarðann* **1:800**. *Þessa vitneskju fékk hr. Thoroddsen bréflega frá þáverandi kennara í landmælingu við polytekniska háskólann í Kaupmannahöfn, hr. dócent Mörup.*

---

*Hér með leyfi eg mér að gera hinni háttvirtu bæjarstjórn tilboð um uppdrátt af því svæði Reykjavíkurkaupstaðar, sem uppdráttur hr. K. Zimsen's nær ekki yfir. Eg býðst til að gera uppdrátt þennan eftir sama mælikvarða, sem er á uppdrætti hr. ingeniörs Zimsen's, þ. e.* **1:500**, *og að leysa af hendi áðurnefnt verk (mæling + uppdrátt) fyrir það verð, sem hér skal greina:*

*7 — sjö — krónur pr. lóð og þar að auki 2 — tvær — krónur pr. Td. Land af svæði því, sem uppdrátturinn nær yfir.*

*Tilboð þetta tekur yfir allan kostnað verksins, þannig, að eg borga sjálfur hjálparmönnum og tek á mig öll önnur útgjöld, sem verkinu viðvíkur. Eg mun jafnvel geta lagt til verkfæri, ef bærinn sér sér ekki fært að eignast þau fyrir eiginn reikning.*

*Borgun greiðist mér jafnóðum og eg afhendi bæjarfógeta hina ýmsu hluta uppdráttarins.*

---

*Að öðru leyti er eg fús á, að semja nákvæmar við nefnd, er bæjarstjórnin kynni að setja, ef svo færi, að bæjarstjórnin vildi heldur það, en að taka framanskráðu boði mínu.*

*Loks skal eg geta þess, að mér telst svo til, að fyr nefnt verk mundi taka yfir hér um bil 650 lóðir, en stærð hins mælda svæðis yrði um 300 Td. Land; mundi uppdrátturinn því kosta hér um bil 5,100 krónur, og er það sannfæring mín, að bærinn mundi aldrei geta fengið viðunanlegra boð.*

*Reykjavík 24. dag febrúarmánaðar 1906.*

*Virðingarfylst*

A. L. Petersen
Ingenieur.

*Til*

*Bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.*

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

EGGERT CLAESSEN

yfirrjettarmálaflutningsmaður

Reykjavík.

6/12

Með því að eigendur erfðafestulandsins Selljabakka úr Svanefelds-Kaupmannstúns hjer í bænum, hafa - að áskildum óskertum forkaupsrjetti Reykjavíkurkaupstaðar - selt Einari Benediktssyni sýslumanni á Stóra-Hofi þetta erfðafestuland fyrir 17 þúsund krónur skal jeg hjer með sem umboðsmaður Einars Benediktssonar leyfa mjer að spyrjast fyrir um það hjá hinni háttvirtu bæjarstjórn hvort hún vill nota forkaupsrjett sinn að nefndu erfðafestulandi fyrir ofangreint verð.

Reykjavík 5. des. 1906

Virðingarfyllst

Eggert Claessen.

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Vangold: erfðafestugj:
af Kaupmannstúni

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1902 | 121 al. | á 53 a | Kr. 64.13 |
| 1903 | 149 5/9 | á 55 | " 83.30 |
| 1904 | 121 " | " 57 " | " 68.97 |
| 1905 | 121 | " 58 | " 70.18 |
| 1906 | 121 | " 64 | " 77.44 |
| | | Samt. | Kr. 363.02 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

| | |
|---|---|
| 5 1/9 | 5 – 100 |
| 3 1/2 | 3 – 450 |
| | 10 – – |
| | 18 – 550 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útmæling kaupmans Sturlu Jónssonar.

norður hlið rjett áframhald af girðingu hans þar áður lengd, uppeptir 40 faðmar að sunnan eins 40 faðmar. með skurðinum sem liggur frá suðri til norðurs vestanvið útmæling una 80 faðma og að austann eins 80 faðmar. þessi útmæling sem á að vera rjetthyrndur ferhyrningur verður því 3200 ferh. faðmar

Reykjavík 3. sept. 1901

Einar Finnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur




25'

Tunstæði 6

12 3/4

Sturlu Jónssonar.

115
4
9) 460 (5 1/9

4600
5 1/9

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Útmæling
herra kaupmanns Sturlu Jónssonar Rvík.

suðurhlið 89 faðmar
vesturhlið 156 —"—
norðurhlið 56 —"—
austurhlið 223 —"—
flatarmálið með lóttinum 12385 ferh faðmar
lóttirinn 213 á lengd meðal breidd 4 faðmar
verður 852 eptir verða 11333. eða 12 dagsl 533 f.

Útmæling
herranna Jóns kaupm Þórðarsonar og Þórðar bónda Þórðarsonar

suðurhlið 41 faðmar
vesturhlið 114 —"—
norðurhlið 78 + 45 —"—
austurhlið 98 —"—
flatarmálið 9067. ferh faðmar = 10 dagsl. 67 faðm

Reykjavík 22.9.1901

Einar Finnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8 — 900 — 2955

$$\begin{array}{r} 9 \\ 8\overline{)26599}\ (3325 \\ 24 \\ \hline 25 \\ 19 \\ \hline 39 \end{array}$$

3 - 625

3. 625
3 - 500
15. 120

---

1245

22.343

---

| | | |
|---|---|---|
| Fyrsta útmál - | 3 dagsl. 625 □f. | |
| Önnur — | 15 — | 120 - |
| Þriðja — | 3 — | 500 - |
| alls | 22 — | 345 |

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29 5/9
28 2/5
58
121
179

2.28
2.32
2.56
7.16

121
53
363
605
6413

121
57
847
605
6897

121
64
484
726
77,44

149
55
745
745
81,95
35
82,30

121
58
968
605
70,18

25 + 18

1902

53 a 1902 - 121
55 a 1903 - 121
. 28.58
57 a 1904 - 121.
58 a 1905 - 121.
64 1906 - 121.
12.

| | | |
|---|---|---|
| 1902 | Kr | 64.13 |
| 1903 | " | 82.30 |
| 1904 | " | 68.97 |
| 1905 | " | 70.18 |
| 1906 | " | 77.44 |
| | " | 7.16 |
| | | 370.18 |

363.02

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eggert Claessen
yfirrjettarmálaflutningsmaður
Reykjavík.

Eptir að jeg með brjefi til yðar, h. bæjarfógeti, dags. 5. des. f. á., hafði fyrir hönd Einars sjómanns Benediktssonar á Stóra-Hofi spurst fyrir um það hvort bæjarstjórnin vildi nota forkaupsrjett sinn að erfðafestulandinu Kaupmannstúni hafið þjer með brjefi, dags. 7. des. f. á., tilkynnt mjer að með því að það hafi komið fram við mat og mæling á tjeðu landi að það væri 24½ dagslátta að stærð, en landið ætti að vera miklum mun minna bæði eptir útvísununum á því og eptir gjaldinu, sem greitt hefur verið af því, þá teldi bæjarstjórnin sig eigi geta veitt úrlausn á málaleitun minni fyr en seljandinn hefði komið fram með heimild sína fyrir erfðafestu landi þessu.

Jeg hef síðan reynt að grafast eptir heimildunum fyrir umræddu landi og eptir því, sem jeg kemst næst, þá hefur Sturla Jónsson kaupm. fyrst fengið útmæling í landinu fyrir 15-20 árum og þá fengið 5-6 dagsláttur. Hinn 8. oktober 1900 fjekk sami maður erfðafestubrjef fyrir 15 dagsláttum og 120 ferhyrnings föðmum fyrir sunnan stykkið, sem fyrst var útvísað honum, og 3. sept. 1901 fjekk hann ennfremur erfðafestubrjef fyrir 3 dagsláttum og 500 ferh. föðmum

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að austan og norðan við stykkið, er fyrst var útvísað. Fylgja hjer með eptirrit
./. af hinum tveimur síðastnefndu erfðafestubrjefum. Þessar tvær síðast nefndu útvísanir verða samtals 18 dagsláttur og 620 ferh. faðmar og þegar fyrsta útvísunin á 5-6 dagsláttum bætast við verður landið samtals 23-25 dagsláttur, sem virðist geta komið heim við mæling þá á landinu er nú hefur verið framkvæmd, og vona jeg að bæjarstjórnin láti sjer nægja þessar upplýsingar.

Jeg skal leyfa mjer að geta þess að þegar landið nú hefur verið selt að áskildum áskertum forkaupsrjetti bæjarstjórnarinnar þá hefur ekki verið tiltekin í sölubrjefunum neinn ákveðinn stærð á því, en Sturla Jónsson aðeins selt það eins og honum hafi verið það útmælt.

Með því nú að það ríður á miklu fyrir Einar Benediktsson vegna lántöku í Íslandsbanka, að fá sem fyrst yfirlýsing bæjarstjórnarinnar um það hvort hún vilji nota forkaupsrjett sinn, þá leyfi jeg mjer að mælast til þess að bæjarstjórnin láti í tje yfirlýsing sína hjer að lútandi á næsta fundi, 7. þ. m.

Reykjavík 5. febr. 1907
Virðingarfyllst
Eggert Claessen.

Til
bæjarfógetans í Reykjavík

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Bæjarstjórn Reykjavíkur
Gjörir kunnugt: að með brjefi þessu er herra kaupmanni Sturlu Jónssyni seld og afsöluð á erfðafestu og til ræktunar (spildu) lóð, svo sem lýst er í tölul. 1 hjer á eptir, með eptirfarandi nánari skilmálum.

1. Hin afsalaða lóð er 15 dagsláttur 120 □ faðma að stærð og takmarkast að sunnan af beinni línu jafnhliða þjóðveginum 20 faðma fyrir norðan hann, að norðan af kaupmanns túni (að vestan af beinni línu úr útnorðurhorni Kaupmannstúns) í endann á skurðinum vestan við Pástblett og að austan af beinni línu úr bugðunni á Spítalavegi austan við lækinn í vesturgafl á útihúsi Árna póst austan lækjarins.
2. Landsspildan afsalast til fullkominnar erfðafestueignar og felst þar í að kaupandi hefur heimild til að selja hana og veðsetja og ráðstafa á annan hátt, sem ekki kemur í bága við ákvæði brjefs þessa.
3. Erfðafestugjald eptir lóðina 121 al. eptir meðalverði, greiði kaupandi í bæjarsjóð við hver árslok, í fyrsta skipti í árslok, er full 2½ ár eru liðin frá útmælingardegi, eða 31. des. 1902 og hvílir gjald þetta á eigninni með forgangsrjetti á undan öllum öðrum veðskuldum og eignarböndum.
4. Eigandi skal girða hið afsalaða svæði með gripsheldum garði eða skurði og skal hafa lokið að minnsta kosti hálfi

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

girdingunni tveim árum fyrir fyrsta gjalddaga eda 31. des. 1900 en fullger skal girdingin vera ári fyrir fyrsta gjalddaga eda 31. des. 1901.

5. Landid skal ræktad til túns, matjurtagarda eda annarar sáningar á næstu 15 árum eptir ad landid á ad vera fullgirt samkv. 4. tölul., þannig ad 1/3 hluti ad minnsta kosti sje fullræktadar eptir 5 ár, 2/3 hlutar eptir 10 ár, og allt landid eptir 15 ár.

6. Sje girdingarskilyrdunum ekki fullnægt, fellur landid jafnskjótt aptur til bæjarins. Sama er og ef landid gengur úr sjer ad rækt eda girdingum, svo til audnar horfi, fyrir hirduleysi eiganda, en þad skal metid af þar til löggiltum óvilhöllum mönnum. Á hverjum 5 ára fresti ræktunartímans skal eigandi sanna á fullnægjandi hátt, ad hann hafi uppfyllt skilyrdin í 5. tölulid um ræktun landsins. Verdi hertur á því, hækkar erfdafestugjaldid allt ad 50% eptir nánari ákvædi bæjarstjórnarinnar, en aukagjald þad fellur burtu, jafnskjótt og skilyrdunum er fullnægt.

7. Ef eigandi vill selja eignina, hefur bæjarstjórnin forkaupsrjett.

8. Eigandi er skyldur ad láta af hendi lód á hinu afsalada svædi til gatna og annara afnota í bæjarins þarfir, svo og til hússtæda, ef, og ad svo miklu leyti sem bæjarstjórn og bygginganefnd álítur þess þörf. Lódarmissirinn skal endur-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

goldinn eptir óvilhallra manna-
mati, og med tilliti til þeirrar verd-
hækkunar á erfdafestulandinu,
sem leidi af vegarlagning eda ödrum
afnotum í bæjarins þarfir, þó svo, ad
endurgjald fyrir lódarnám í bæjarins
þarfir verdi eigi meira en þad, sem
eigandinn hefur kostad til ad rækta
lódina.

9. Verdi eignin metin sjerstaklega til
dýpleika, greidi eigandi öll gjöld
af henni til hins opinbera.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar
Bæjarfógetinn í Reykjavík 8. oktober 1900
Halldór Daníelsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eptirrit.

Bæjarstjórn Reykjavíkur

Gjörir kunnugt: að með bijefi þessu er herra kaupmanni Sturla Jónssyni seld og afhent á erfðafestu og til ræktunar lóðarspilda sú, sem lýst er í tölulið 1 bijefs á eptir, með eptirfarandi nánari skilmálum.

1. Hin afsalaða lóð er 3 dagsláttur 500□ faðm. að stærð og liggur austan við lóð þá, er kaupandi fjekk áður útvísaða austan við Fúlutjarnar læk. Til norðurs nær lóðin jafnt og brúin yfir lækinn á spítalaveginum og eru suður og norðurhliðar hennar 40 faðmar, en austur og vesturhliðar 80 faðmar.
2. Landsspildan afsalast til fullkominnar erfðafestueignar og felst þar í að kaupandi hefur heimild til að selja hana og veðsetja og ráðstafa á annan hátt, sem ekki kemur í bága við ákvæði bijefs þessa.
3. Erfðafestugjald eptir lóðina, 28.4 al. eptir meðalverði, greiðir kaupandi í bæjarsjóð við hver árslok, í fyrsta skipti við árslok, er full 2½ ár eru liðin frá útmælingardegi, eða 31. des. 1903 og hvílir gjald þetta á eigninni með forgangsrjetti á undan öllum öðrum veðskuldum og eignarböndum.
4. Eigandi skal girða hið afsalaða svæði með gripheldum garði eða skurði, og

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skal hafa lokið að minnsta kosti hálfri girðingunni tveim árum fyrir fyrsta gjalddaga eða 31. des. 1901 en fullger skal girðingin vera ári fyrir fyrsta gjalddaga eða 31. des. 1902.

5. Landið skal ræktað til túns, matjurtagarða eða annarar sáningar á næstu 15 árum eptir að landið á að vera fullgirt samkv. 4. tölul., þannig að 1/3 hluti að minnsta kosti sje fullræktaður eptir 5 ár, 2/3 hlutar eptir 10 ár og allt landið eptir 15 ár.

6. Sje girðingar skilyrðunum ekki fullnægt, fellur landið jafnskjótt aptur til bæjarins. Sama er og ef landið gengur úr sjer að rækt eða girðingum, svo til auðnar horfi, fyrir hirðuleysi eiganda, en það skal metið af þar til löggiltum óvilhöllum mönnum. Á hverjum 5 ára fresti ræktunartímans skal eigandi sanna á fullnægjandi hátt, að hann hafi uppfyllt skilyrðin í 5. töluliði um ræktun landsins. Verði brestur á því, hækkar erfðafestugjaldið allt að 50% eptir nánari ákvæði bæjarstjórnarinnar, en aukagjald það fellur burtu jafnskjótt og skilyrðunum er fullnægt.

7. Ef eigandi vill selja eignina, hefur bæjarstjórn forkaupsrjett.

8. Eigandi er skyldur að láta af hendi lóð á hinu afsalaða svæði til gatna og annara afnota í bæjarins þarfir, svo og til hússtæða, ef, og að svo miklu leyti sem bæjarstjórn og byggingarnefnd álítur þess þörf. Lóðarmissirinn skal endurgoldinn eptir óvilhallra manna mati, og með tilliti til þeirrar verðhækkunar á erfðafestulandinu, sem leiðir af vegarlagning eða

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

öðrum afnotum í bæjarins þarfir.

9. Verði eignin metin sjerstaklega til dýrleika, greiðir eigandi öll gjöld af henni til hins opinbera.

Fyrir hönd bæjarstjórnarinnar
Bæjarfógetinn í Reykjavík 3. september 1901
Halldór Danielsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur